

Árið 2007, þriðjudaginn 5. júní, kl. 13:30, kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til **59. fundar** að Óseyri 2, Akureyri.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Ferðafélagið Fjörðungur, Áshóli, Grýtubakkahreppi, 601 Akureyri, sækir um leyfi til að byggja sæluhús fyrir ferða- og gangnamenn úr timbri á Látrum á Látraströnd (á grunni gamla bæjarins), samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum.

**Byggingarnefnd tekur jákvætt í erindið en frestar afgreiðslu þar sem teikningar eru ekki fullnægjandi og umsögn vantar frá Skipulagsstofnun.**

2. Jóhann G. Hauksson, Bakkasíðu 9, Akureyri, sækir um leyfi til að byggja sumarhús á lóð nr. 13 við Sunnuhlíð, Grenivík, Grýtubakkahreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá AVH teiknistofu dags. 01.06.07.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

3. Guðmundur H. Guðmundsson og Máni Guðmundsson, Halllandi, Svalbarðsströnd, sækja um leyfi til að byggja við og breyta íbúðarhúsi á Halllandi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Guðmundi Gunnarssyni byggingaverkfræðingi, dags. 31.08.04 með breytingum dags. 12.05. 2007, sbr. 3. tölulið 35. fundargerðar frá 19.04. 2005.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið en bendir á að æskilegt væri að gæta að upprunalegu svipmóti hússins við endurnýjun á gluggum og í viðbyggingum við það, sbr. gr. 79.12 í byggingarreglugerð nr. 441/1998, með síðari breytingum.**

4. Sigurður E. Valgarðsson, Sólgarði, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi til að byggja geymsluhús á lóð nr. 1 við Brúnahlíð, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá ABS, teiknistofu, dags. 23. maí 2007.

**Byggingarnefnd samþykkir teikninguna, en gerir tllögu til sveitarstjórnar um að húsið fái stöðuleyfi til 10 ára, sem framlengja mætti að þeim tíma liðnum.**

5. Matthías Frímannsson, Hafnarstræti 23, Akureyri, sækir um leyfi til að byggja geymsluskúr á lóð nr. 7 í Leifsstaðabrúnum, Leifsstöðum, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá framleiðanda, jafnframt verðu fjarlægður skúr sem samþykktur var 12. júní 2001.

**Byggingarnefnd samþykkir stöðuleyfi til 5 ára.**

6. Ingvar Björnsson, Hafnarstræti 24, Akureyri, sækir um leyfi til að byggja við aðstöðuhús á lóð nr. 27 í Leifsstaðabrúnum, Leifsstöðum, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Form, dags. 21.02.2007.

**Samkvæmt teikningum er ekki hægt að fallast á að umrætt hús sé aðstöðuhús þar sem teikningar sýna fullbúið 66.8m<sup>2</sup> sumarhús. Í því samhengi má til frekari rökstuðnings benda á afgreiðslu byggingarnefndar frá 29. júní 1993, þar sem samþykkt var að flytja sumarhús til að setja niður á umrædda lóð á skipulögðu sumarbústaðasvæði í landi Leifsstaða í Eyjafjarðarsveit, sbr. einnig samþykkt byggingarnefndar frá 9. ágúst 1994 vegna viðbyggingar við þetta sama sumarhús.**

**Samkvæmt deiliskipulagi sem samþykkt var í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar þann 30.08.05 er lóðin nr. 27 í Leifsstaðabrúnum íbúðarhúsalóð með leyfi fyrir 30m<sup>2</sup> aðstöðuhúsi. Stækkun á sumarhúsi samræmist því ekki deiliskipulagi.**

**Skipulagsnefnd Eyjafjarðarsveitar afgreiddi erindið um stækkun á aðstöðuhúsi í 66.8m<sup>2</sup> á fundi sínum 17. apríl 2007, sem var staðfest af sveitastjórn á fundi 8. maí 2007, með eftirfarandi bókun:**

*“Ágúst Hafsteinsson, arkitekt, gerði grein fyrir erindinu sem fjallar um stækkun á húsi, sem skv. deiliskipulagi svæðisins er skilgreint sem aðstöðuhús. Deiliskipulagið gerir að öðru leyti ráð fyrir að á svæðinu megi byggja tvö íbúðarhús og að umrætt hús, sem fyrir var á svæðinu, yrði skilgreint sem aðstöðuhús (gestahús) á annari lóðinni. Skipulagsnefnd leggst ekki gegn erindinu en gerir þá kröfu að kvöð um að ekki verði heimilt að skipta lóðinni upp í tvær eignir verði þinglýst á lóðina.”*

**Byggingarnefnd telur afgreiðslu skipulagsnefndar Eyjafjarðarsveitar á erindinu óeðlilega því mannvirkíð sem um ræðir samræmist ekki deiliskipulagi.**

**Vegna ofangreindra atriða getur byggingarnefnd ekki fallist á stækkun sumarhúss á lóðinni og hafnar erindinu.**

7. Tryggvi Jóhannsson, Hvassafelli, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi til að byggja lausagöngufjós á jörð sinni, Hvassafelli, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá HSÁ teiknistofu, Ívari Ragnarssyni, dags. 08.02. 2007, verk nr. 07-501, sbr. 7. tölulið 57. fundargerðar frá 3. apríl 2007.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

8. Þór Aðalsteinsson, Kristnesi, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi til að byggja mjólkurhús og mjaltabás við fjós á jörðinni Kristnesi, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Hannarri, dags. 05.09. 2006.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti, en lagfæra þarf teikningar vegna athugasemda frá eldvarnareftirliti.**

9. Hörgárbyggð, Þelamerkurskóla, sækir um leyfi til þriggja ára, að setja niður tvö snyrtihús á landspildu úr Gáseyri, Hörgárbyggð, samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum frá framleiðanda, ásamt afstöðumynd frá VN, dags. 1/6 2007.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.**

10. Sverrir Haraldsson, Skriðu, Hörgárbyggð, sækir um leyfi til að byggja sambyggt hesthús og fjárhús með steypu haughúsi undir, á lögbylínu Skriðu, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Luigi Bartolozzi, dags. 01.06. 2007.

**Byggingarnefnd gerir ekki athugasemdir við teikningarnar en frestar afgreiðslu þar sem öll tilskilin gögn eru ekki til staðar.**

11. Vignir Sigurðsson, Litlu-Brekku, Arnarneshreppi, sækir um leyfi fyrir breytingu á áður samþykktum bílskúr, ásamt millibyggingu við íbúðarhúsið í Litlu-Brekku, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá AVH teiknistofu dags. 25.08.2006, sbr. 9. tölulið 53. fundargerðar frá 12. september 2006.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00

Árni Kristjánsson	Bragi Pálsson
Klængur Stefánsson	Kristján Kjartansson
Pálmi Laxdal	
Jósavin Gunnarsson	

Valtýr Sigurbjarnarson ritaði fundargerð